



Reykjavík, 22. júlí 2021
RMF21070002

Menningar- og ferðamálasvið

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkins um kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðivinnu vegna nýrrar ferðamálastefnu - R20060201

Á fundi borgarráðs hinn 2. júlí 2020 lagði borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hver var kostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðivinnu við nýja ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar?

Fyrirspurninni var vísað til menningar- og ferðamálasviðs.

Svar menningar- og ferðamálasviðs; Menningar- og ferðamálasvið hóf vorið 2018 undirbúning að móton nýrrar ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg. Vinnan hófst á stöðugreiningu til að fá skýrari sýn á málaflokkinn og hvernig honum hefði verið sinnt af hálfu borgarinnar árin á undan. Eftir að hafa framkvæmt verðfyrirspurn samdi sviðið við sérfræðinga frá Capacent til að vinna stöðumatið í samvinnu við starfsmenn sviðsins en til ráðgjafar var starfshópur, skipaður sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, borgarritara, skrifstofustjóra borgarstjórnar, auk sviðsstjóra menningar- og ferðamálsviðs, sem jafnframt var formaður hópsins, og verkefnastjóra ferðamála hjá Höfuðborgarstofu, sem jafnframt var starfsmaður hans. Helstu hagsmunaaðilar voru kortlagðir og skilgreindir og að því búnu voru tekin djúpviðtöl við einstaklinga í ferðaþjónustu, stjórnkerfi ferðamála og í stjórnkerfi borgarinnar. Haldnar voru vinnustofur með fulltrúum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem og opnir vinnufundir með fulltrúum ferðaþjónustu í borginni og íbúum þar sem leitast var eftir viðhorfum til ferðaþjónustunnar og hlutverks borgarinnar í þeim efnum. Gögn úr djúpviðtolunum og vinnufundunum voru nýtt við áframhaldandi stefnumótunarvinnu.

Hin eiginlega stefnumótun hófst síðan í október 2018 á grunni þeirrar stöðugreiningar sem þegar hafði farið fram. Af hálfu borgarráðs var skipaður stýrihópur yfir stefnumótuninni sem í eiga sæti þrír borgarfulltrúar, þau Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs sem jafnframt er formaður hópsins, Hjálmar Sveinsson og Valgerður Sigurðardóttir. Byrjað var á því að halda vinnufund með borgarfulltrúum þar sem kallað var eftir sýn þeirra í málaflokknum til framtíðar. Einnig voru tekin djúpviðtöl við æðstu stjórnendur borgarinnar um þeirra sýn, fleiri vinnufundir haldnir með þeim borgarstarfsmönnum sem koma með einum eða öðrum hætti að málaflokknum og áfram unnið með efniviðinn úr djúpviðtolunum og á vinnufundunum með fulltrúum ferðaþjónustu, íbúa og nágrennasveitarfélaga, fyrr í ferlinu. Miklar sviptingar voru í íslenskri ferðaþjónustu þá mánuði sem


vinna við móturn stefnunnar stóð yfir sem leggja þurfti vinnu í að meta áhrif af og taka tillit til.

Ferðamálastefnan var samþykkt í borgarráði 20. október 2020

Heildarkostnaður vegna sérfræðivinnu við bæði undirbúningsvinnu og stefnumótun fyrir nýju ferðamálastefnuna frá árinu 2018 til 2020 var 10.447 m.kr.

Sérfræðivinna vegna nýrrar ferðamálastefnu	2018	2019	2020	Samtals	Móttakandi greiðslu
Undirbúningur vegna gagnöflunar, fundir með stýrihóp, viðtöl og greiningfundir, viðtöl við hagaðila, undirbúningur og fundir með atvinnulífinu, samráð borgar og atvinnulífs, undirbúningur að stefnumótun. Frágangur, prófarkalestur og fundir	6.368.730	2.977.040	293.920	9.639.690	Capacent
Lokafrágangur og fundur stýrihóps			252.710	252.710	Claret ehf
Yfirllestur á Ferðamálastefnu KPMG ehf. í desember 2019		258.000		258.000	KPMG
Hönnun og uppsetning og myndskreytingar			296.700	296.700	Baddydesign sf
	6.368.730	3.235.040	843.330	10.447.100	

Virðingarfyllst


Huld Ingimarsdóttir
staðgengill sviðsstjóra
skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs